

# GARÐAPÓSTURINN

bæjarblað Garðbæinga frá 1989

35. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 31. október 2024



# BIOEFFECT



# KOMINNTÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



## GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

**Apótek**  
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga  
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins [KGP.IS](http://KGP.IS)

36. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 31. október 2024



### Laxaolía

Styður við heilbrigða  
húð og feld



Komdu með  
fasteignina þína  
í sölu hjá okkar.

Fyrir hverja eign  
styrkjum við  
Bleiku slaufuna.

Hringdu og  
kynntu þér málið:  
520 9595

Við leggjum þessu  
málefni lið.



**FLATEY**  
PIZZA NAPOLETANA  
Garðatorgi 6. S.568 2666

**Lyfjaval**  
HEILSA & HÁRNINGJA

**24/7**  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

## 78 Fyrirmyndarfyrirtæki og 45 Framúrskarandi fyrirtæki staðsett í Garðabæ 2024



Af alls 1.643 fyrirmyndarfyrirtækjum á Íslandi eru 70 þeirra staðsett í Garðabæ samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri fyrir árið 2024 og fækkar þeim um 8 frá því í fyrra. Alls eru 45 Framúrskarandi fyrirtæki staðsett í Garðabæ samkvæmt árlegri útnefningu Creditinfo og fjölgar þeim um eitt frá því í fyrra, en í öllum tilvikum eru þessi 45 Framúrskarandi fyrirtæki

einnig Fyrirmyndarfyrirtæki. Alls eru 1.133 sem teljast til Framúrskarandi fyrirtækja í ár og af þeim eru 4% staðsett í Garðabæ. Tvö fyrirtæki í Garðabæ eru á topp 20 lista Framúrskarandi fyrirtækja yfir stór, meðalstór eða lítil fyrirtæki, en þau eru Marel sem er í 13. sæti á lista yfir stór fyrirtæki og Endurskoðun og ráðgjöf ehf, sem er í 9. sæti á lista yfir lítil fyrirtæki.

## KOMINNTÍMI SKOÐUN?



Verið velkominn  
með bílinn í skoðun,  
þið finnið næstu  
skoðunarstöð á  
[frumherji.is](http://frumherji.is)



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



**YUZU** HEFUR OPNAÐ Í  
LITLATÚNI, GARÐABÆ  
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

**LEMON**  
MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

**30%**  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR

VILDARKORT  
LIND  
FASTAIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTAIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boróplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

# GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is  
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 7. nóvember

Síðasti skiladagur föstudaginn 1. nóvember  
valdimar@gp.is - Sími 697 4020  
Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989  
Vefsíða Garðapóstsins er: [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA  
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésson  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn  
Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

ÚTFARARSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)

# K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is  
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins [kgp.is](http://kgp.is)

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

## Tónlistarnæring í samstarfi við Óperudaga

Miðvikudaginn 6. nóvember kemur Rannveig Káradóttir sópransöngkona fram í röðinni Tónlistarnæring en hún flytur dagskrá sem ber yfirskriftina móður:land. Með Rannveigu leikur Hrönn Þráinsdóttir.

Saman flytja þær lög sem vísa til raddar hinnar íslensku móður sem bergmálar í gegnum aldirnar og dregur hlustendur dýpra og dýpra inn í fylgsni hjarta móðurinn þar sem hver tónn er sem þráður í fingerðum vef margslunginna tilfinningar og skilin milli svefnis og vöku, draums og martraðar, ástar og missis verða óljós.

Í þessari sérstæðu sýningu ögra Rannveig Káradóttir, sópran og Hrönn Þráinsdóttir hinu hefðbundna ljóðatónleikaformi og teygja það langt út fyrir jaðra tónlistarsal-arins.



Rannveig Káradóttir

Einföld en áhrifarík sviðsetningin og lýsing sem endurspeglar hugblæ ljóðanna umbreyta sviðinu og úr verður lifandi leikverk sem blæs nýju lífi í mörg af ástkærustu einsöngslögum þjóðarinnar. Innan um vel kunn lög hreiðrar einnig um sig frumflut-

ingur á falletti vöggvísu eftir Helga Rafn Ingvarsson við ljóð Margrétar Jónsdóttur. Að þessu sinni verða tónleikarnir 60 mínútur að lengd, öll velkomin í sal Tónlistarskóla Garðabæjar.

Aðsend grein

Prestar og fermingarfræðarar Vídalínskirkju

## Að elska náunga sinn

Eitt af mikilvægum þáttum í uppeldi barna er að gefa þeim tækifæri til að láta um sig muna og hjálpa þeim að horfa útfyrir sig sjálf í þeim tilgangi að auka samkennd og samhug. Það er mikilvægt að þau fái að heyra og reyna að þau eru hendur Guðs í þessum heimi.

Börn í fermingarfræðslu kirkjunnar hafa undanfarin tuttugu og fimm ár lagt sitt af mörkum til Hjálparstarfs kirkjunnar með því að ganga í hús í sóknunum um allt land með bauk hjálparstarfsins. Framlag fermingarbarna er afar mikilvægt en það safnast margar milljónir á hverju ári.

Þessi árlega söfnun fermingarbarnanna hefst á þriðjudaginn 5. nóvember og endar föstudaginn 8. nóvember, en þau munu skila baukunum í messu í Vídalínskirkju 10. nóvember. Safnað er til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku.

Fermingarbörnin fá að kynna í fermingarfræðslunni þróunarsamvinnu og hjálpar-



starfi á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Þau fá innsýn í líf fólksins sem býr á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins og rætt er við fermingarbörnin um sameiginlega ábyrgð á því að allir jarðarbúar fái lifað mannsæmandi lífi.

Börnunum er leiðbeint um framkomu, öryggi og að gleyma ekki að vera vel klædd, áður

en söfnunin hefst. Fyrir þeim er brýnt að fara alltaf tvö og tvö saman og foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að ganga með þeim.

Tökum vel á móti fermingarbörnunum og hvetjum þau áfram.

Prestar og fermingarfræðarar  
Vidalínskirkju

## Sjóðheitar óperuariur á ísköldu Garðatorgi

Laugardaginn 26. október fór fram óperutónleikar á Garðatorgi 7 en þrátt fyrir fimbulkulda hitnaði fólki við að hlýða á frábæra söngvara syngja sjóðheitar ariur.

Garðbæingar og gestir þeirra kunnu vel að meta framtakið sem er samstarf Menningar í Garðbæ við Óperudaga. Fram komu Gissur Páll Gissurarson tenór, Oddur Arnþór Jónsson barítón, Kristín Einaradóttir Mäntylä mezzó og Íris Björk Gunnarsdóttir sópran. Með þeim lék Matthildur Anna Gísladóttir á pianó.



Garðbæingar og gestir þeirra kunnu vel að meta framtakið á Garðatorgi

Samstarf við Óperudaga hefur verið farsælt en allir 1. bekkingar í Garðabæ fá til að mynda að upplifa tónleikhúsið Dýravisur í sal Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónlistarnæring nóvembermánaðar með sópransöngkonunni Rannveigu Káradóttur er í samstarfi við Óperudaga.

# MENNING Í GARÐABÆ

## DAGSKRÁ

## NÓVEMBER

### BÓKASAFN GARÐABÆJAR

#### Viðburðir

Alla fimmtudaga  
kl.10–12

#### FORELDRAMORGNAR

Skynjunarsmiðjur, fagleg fræðsla  
fyrir nýbakaða foreldra og margt fleira.

Laugardagur 9.nóvember  
kl.13

#### SKUGGALEIKHÚS MEÐ ÞYKJÓ

Gerðu þína eigin brúðu fyrir skuggaleikhús.

Laugardagur 23.nóvember  
kl.13

#### FÍASÓL

FÍASÓL Í LOGANDI VANDRÆÐUM OG  
HINN EINI SANNI JÓLASVEINN. Höfundarnir  
Kristín Helga og Hjalti Halldórsson lesa úr  
nýtöknum bókum sínum.

Fimmtudagur 28.nóvember  
kl.20–22

#### JÓLABÓKAUÐPLESTUR

Upplestur með Nönnu Rögnvaldsdóttur,  
Jóhönnu Jónas ásamt leynigesti. Brynhildur  
Björnsdóttir leiðir spjall. Léttar veitingar og  
notaleg stemning.

Laugardagur 30.nóvember  
kl.15

#### SKJÓÐA OG LANGLEGGUR

Skjóða og Langleggur skemmta með jólasögu,  
söng og dansi. Liður í Aðventuhátíð Garðabæjar.

Laugardagur 30.nóvember  
kl.14–23

#### AÐVENTU- HÁTÍÐ GARÐABÆJAR

á Garðatorgi, Hönnunarsafni Íslands  
og Bókasafni Garðabæjar

Pop-up markaður, óróasmiðja, jólaball,  
Blásarasveit, barnakórar, jólaleikrit og  
jólaveinar á sveimi.

#### MINJAGARÐURINN Á HOFSTÖÐUM við Kirkjulund

Skyggnist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnáms-  
skálanum með aðstoð margmiðlunarsjónauka.

#### AFTUR TIL HOFSTADA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu  
Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.

### HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

#### Sýningar

Fastasýning

#### HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett  
er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins  
og á heimilum fólks eru hlutir fengirnir héðan og  
þaðan.

Pallurinn  
8.nóvember–29.desember

#### HEIMILISTEXTÍLL

Hönnun Benthinu Elverdam Nielsen, Brynhildar  
Þórðardóttur og Guðrúnar Kolbeinsdóttur, liður í  
50 ára afmæli Textílfélagsins.

Safnið á röngunni  
18.október–29.desember

#### SKRÁNING Á FATNAÐI Í EIGU SAFNSINS

Vinnustofudvöl  
27.september–29.desember

#### UNNAR ARI BALDVINSSON GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

#### Viðburðir

Sunnudagur 3.nóvember  
kl.13

#### ULLARKÓRÓNUR– FJÖLSKYLDUSMIÐJA

Göngum tignarlega inn í veturinn með  
textílhönnuðinum Judith Amalíu.

Sunnudagur 17.nóvember  
kl.13

#### SÚRDEIGS- BRAUÐSGERÐ

Þjóðfræðingurinn Ragnheiður Másól fræðir.

Sunnudagur 30.nóvember  
kl.13

#### Ó!RÓI – FJÖLSKYLDUSMIÐJA

Hönnunarteymið Þykjó leiðbeinir í gerð óróa  
úr könglum, kanilstöngum og dúnmjúkum  
ullarhnoðrum. Liður í Aðventuhátíð Garðabæjar.

#### Tónleikar

#### TÓNLISTAR- NÆRING

Miðvikudagur 6.nóvember  
kl.12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

#### RANNVEIG KÁRADÓTTIR

sópran

&

#### HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR

píanó

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og  
safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við  
Tónlistarskóla Garðabæjar.

Ath. Tónleikarnir eru 60 mínútna  
langir að þessu sinni.



Upplýsingar um einstaka viðburði má finna á Facebooksíðu Garðabæjar,  
Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.

# Fjórar fasteignasölur hafa fengið rúmar 40 milljónir í sölubókun sem af er ári

## 1300 tilboð bárust í 126 lóðir sem auglýstar hafa verið til úthlutunar á rétt rúmu ári

Garðabæjarlistinn óskaði á dögunum eftir upplýsingum um greiðslur til fasteignasala vegna sölu á lóðum/eignum bæjarins og á fundi bæjarráðs sl. þriðjudag lagði Almar Guðmundsson, bæjarstjóri fram minnisblað sem svarar fyrirspurn Garðabæjarlistans.

Þar kemur fram að á síðustu fjórum árum hafa fjórar fasteignasölur fengið greidda sölubókun að upphæð 57.507.856 kr., af því hefur rúmlega 41 milljón króna verið greidd út sem af er þessu ári, en á tæpum tveimur árum hafa borist um 1300 tilboð í þær 126 lóðir sem auglýstar hafa verið til úthlutunar.

### Fasteignasölur hafa umsjón með sölufæri og móttöku tilboða

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að Garðabær hafi í ákveðnum tilvikum þegar fasteignir í eigu bæjarins hafa samkvæmt ákvörðun bæjarráðs verið auglýstar til sölu eða lóðir auglýstar til úthlutunar leitað til fasteignasala varðandi umsjón með sölufæri og móttöku tilboða. „Tilvik er varðar sölu á íbúðarhúsnæði í eigu bæjarins eru örfá og verður því hér eingöngu gerð grein fyrir þeim tilvikum þegar fasteignasalar hafa komið að sölufæri í tengslum við úthlutun á byggingarrétti lóða.“

Á fundi bæjarráðs 13. júní 2023 voru samþykktir úthlutunarskilmálar vegna sölu á byggingarrétti lóða í 1. áfanga Hnoðrahólts norður. Um var að ræða 7 einbýlishúsalóðir, 20 lóðir fyrir par/raðhús og 10 lóðir fyrir fjölbýlishús með 83 íbúðum.



Flestar lóðirnar sem boðnar hafa verið út árin 2023 og 2024 eru í Hnoðraholti og þar er uppbygging komin á fullt

Í skilmálunum kom fram að söluaðilar væri þrjár tiltekna fasteignasölur.

Á fundi bæjarráðs 4. júlí 2023 voru lögð fram 159 óopnuð umsög með tilboðum í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti. Samtals fjöldi tilboða í fjölbýlishúsalóðir 179, samtals fjöldi tilboða í par/raðhúsalóðir 67 og samtals fjöldi tilboða í einbýlishúsalóðir 53.

Á fundi bæjarráðs 24. október 2023 voru samþykktir úthlutunarskilmálar vegna sölu á byggingarrétti lóða í 2. áfanga Hnoðrahólts norður. Um var að ræða 23 einbýlishúsalóðir, 45 lóðir fyrir par/raðhús og 5 lóðir fyrir fjölbýlishús með 60 íbúðum.

Á fundi bæjarráðs 4. júlí 2023 voru lögð fram 351 óopnuð umsög með tilboðum í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti. Samtals

fjöldi tilboða í fjölbýlishúsalóðir 103, samtals fjöldi tilboða í par/raðhúsalóðir 215 og samtals fjöldi tilboða í einbýlishúsalóðir 491.

Í skilmálunum kom fram að söluaðilar væri fjórar tiltekna fasteignasölur.

Á fundi bæjarráðs 7. maí 2024 voru samþykktir úthlutunarskilmálar vegna sölu á byggingarrétti lóða í Kumlamýri og í Prýðahverfi sunnan Garðahraunsvegur (Gamli Áltanesvegur). Um var að ræða 8

lóðir fyrir parhús við Kumlamýri og 8 einbýlishúsalóðir í Prýðahverfi.

Í skilmálunum kom fram að söluaðilar væri fjórar tiltekna fasteignasölur.

Á fundi bæjarráðs 4. júní 2024 voru lögð fram 72 tilboð í einbýlishúsalóðir í Prýðahverfi og 161 tilboð í parhúsalóðir við Kumlamýri.

Uppgjör vegna sölu á byggingarrétti lóða við Kumlamýri og Prýðahverfi liggur ekki fyrir.

### Mundi fylgja mikið álag á starfsemi bæjarskrifstofanna ef starfsmenn væru að taka á móti öllum tilboðunum

Almar bendir á eins og kemur fram í minnisblaðinu hér á undan að fjöldi tilboða sem berst í byggingarrétt lóða sé griðarlega mikill „en samtals hafa borist um 1300 tilboð í þær 126 lóðir sem auglýstar hafa verið til úthlutunar.“ „Ljóst má vera að því fylgir mikið álag á starfsemi bæjarskrifstofanna ef starfsmenn þeirra væru að móttaka öll þau tilboð sem berast, annast alla kynningu og svara fyrirspurnum frá tilboðsgjöfum um ýmiss atriði varðandi viðkomandi lóðir.“

### Sérfræðipækning á fasteignamarkaði og tengsl við ýmsa verkataka sem starfa á byggingarmarkaði

Hann segir að ein megin ástæða þess að leitað er til fasteignasala til að annast sölu á byggingarrétti lóðanna er sérfræðipækning þeirra á fasteignamarkaði og tengsl þeirra við ýmsa verkataka sem starfa á byggingarmarkaði. „Með því verður að telja líklegt að það fáiast herra verð fyrir byggingarrétt lóðanna sem auðvitað er markmið með því að leita tilboða í byggingarréttinn. Sölubókun og virðisaukaskattur nemur um 1% af heildarsöluverði byggingarréttar lóðanna. Með því að leita til fasteignasala til að annast sölu á byggingarrétti lóðanna hljóta að vera líkur á því að það fáiast herra verð en sem nemur sölubókun fasteignasala.“

### Gæta þess að ekki skapist tortryggni um vinnuaðferðir bæjarins við móttöku tilboða

„Þá má benda á það að með því að leita til fasteignasala tryggjum við að einstaka starfsmenn bæjarskrifstofanna eiga ekki samtal við tilboðgjafa um mat á verðmæti byggingarréttar á sama tíma og þeir annast móttöku á tilboðum þeirra. Með því gætum við þess að ekki skapist tortryggni um vinnuaðferðir bæjarins við móttöku tilboða,“ segir í minnisblaði Almars.

Sölubókun fasteignasalanna árin 2021 til 2024, Fasteignamarkaðurinn, Miklaborg, Fs. Torg og Garðatorg eignamiðlun

### Fasteignasalar 2021-2024 - lóðir og annað

	2021	2022	2023	2024	Samtals
<b>Fasteignamarkaðurinn ehf.</b>	-235.600		-3.538.960	-1.347.322	-5.121.882
<b>Fasteignasalan Miklaborg ehf.</b>			0	-13.777.090	-13.777.090
<b>FS Torg ehf.</b>		-1.550.000	-6.179.985	-12.878.451	-20.608.436
<b>Garðatorg eignamiðlun ehf.</b>	-930.000		-4.015.368	-13.055.080	-18.000.448
<b>Grand Total</b>	<b>-1.165.600</b>	<b>-1.550.000</b>	<b>-13.734.313</b>	<b>-41.057.943</b>	<b>-57.507.856</b>
<b>Nánari greining - lóðarsala+annað</b>					
	2021	2022	2023	2024	Samtals
<b>Fasteignamarkaðurinn ehf.</b>			3.538.960	1.037.322	4.576.282
<b>Verðmöt</b>	235.600			310.000	545.600
					5.121.882
<b>Fasteignasalan Miklaborg ehf.</b>			0	13.467.089	13.467.089
<b>Verðmat</b>					310.001
					13.777.090
<b>FS Torg ehf.</b>			6.179.985	12.595.076	18.775.061
<b>Holtsbúð 85 - sölubókun</b>		1.550.000			1.550.000
<b>Ófærð leiðrétting</b>					283.375
					20.608.436
<b>Garðatorg eignamiðlun ehf.</b>	930.000		4.015.368	13.055.080	18.000.448
<b>Samtals</b>	<b>1.165.600</b>	<b>1.550.000</b>	<b>13.734.313</b>	<b>40.464.567</b>	<b>57.507.856</b>

## FRÍMÁNN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímánn  
897 2468

Hálfván  
898 5765

Ólöf  
898 3075

Jón  
793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is

# Ný glæsileg Audley sending

komin í verslanir og vefversun

Audley Maili  
42.990 kr.

Audley Telma  
43.990 kr.

Audley Berta  
34.990 kr.

# apríl

Garðatorg 6, sími 551 5021 | Kringlan, sími 551-5024 | [aprilskor.is](http://aprilskor.is)

# VELKOMIN Í NÝJA OG ENDUR- BÆTTA VERSLUN Í LINDUM

Glæsileg opnunartilboð  
alla helgina, tilboðin gilda  
eingöngu í ELKO Lindum



OPNUM  
KL. 11:00  
31. OKT.

📍 Lindir · Skeifan · Grandi · Akureyri · Keflavíkurflugvöllur

👉 [www.elko.is](http://www.elko.is) ✉ [elko@elko.is](mailto:elko@elko.is) 📞 544 4000

**ELKO** 

# BIOEFFECT X Þórdís Erla Zoëga

Fallegu gjafasettin frá BIOEFFECT eru unnin í samstarfi við listakonuna Þórdísi Erlu Zoëga

Fallegu gjafasettin frá BIOEFFECT eru unnin í samstarfi við listakonuna Þórdísi Erlu Zoëga og útkoman er töfrandi ferðalag EGF húðdropanna í gegnum húðlögin.

Þórdís Erla Zoëga er metnaðarfull listakona sem hefur þegar skapað sér nafn í listaheiminum hérlendis og erlendis. Þórdís Erla á viðburðarrikan feril að baki, hún var meðal annars valin bæjarlistarmaður Seltjarnarnesbæjar 2022 og í Gróttu er að finna fallegt útilistaverk eftir hana. Þórdís hefur sett upp sýningar víðsvegar um heim og nýverið bar Þórdís Erla sigur úr býtum í samkeppni meðal listamanna um nýtt útilistaverk við nýjan Landspítala. Vinnustíllaga Þórdísar Erlu nefnist 'Upphaf' og er verkið hringlaga form sem ætlað er að afmarka annars vegar tjönn og hins vegar setsvæði til hliðar við aðalinngang byggingarinnar.

Þórdís Erla útskrifaðist úr Gerrit Rietveld Akademie í Amsterdam og vinnur meðal annars með skúlptúra, málverk og myndbönd. Verk hennar hafa verið sýnd um allan heim – til dæmis í Kaupmannahöfn, Amsterdam, Stokkhólmi, Berlín, Basel og Tékklandi. Þórdís Erla er partur af BERG Contemporary, íslenskt listagallerí sem veitir fjölbreyttan vettvang fyrir samfímalist með því að sýna bæði upprennandi og rötgróna listamenn í gegnum nýstárlegar sýningar.

## Dansar á línunni milli listar og hönnunar

„Í sköpun minni dansa ég á línunni milli listar og hönnunar. Ég vinn með ýmis efni, en mér finnst sérstaklega áhugavert að nota efni sem hægt er að leika sér að með ljósi og reyna að fanga töfra hvers-



Þórdís segir að innblásturinn fyrir gjafasettin komi frá EGF húðdropunum og ferðalagi þeirra frá 'ytri' heiminum til 'innri' heims húðarinnar. „Ég vildi túlka ferðalag þeirra í gegnum húðlögin þar til þeir ná áfangastað og byrja að virka.“

dagsleikans. Innblásturinn fyrir gjafasettin kom frá EGF húðdropunum og ferðalagi þeirra frá 'ytri' heiminum til 'innri' heims húðarinnar. Ég vildi túlka ferðalag þeirra í gegnum húðlögin þar til þeir ná áfangastað og byrja að virka.“

Þórdís Erla einsetti sér einnig að vinna með ímynd og einkenni vörumerkisins og skapa verk í þrívídd út frá einkennandi röndum BIOEFFECT vörumerkisins.

„Frá því að BIOEFFECT hafði samband við mig hef ég notið þess að læra um vísindin og allt sem stendur að baki vörumerkinu. Mér finnst einnig áhugavert að kafa ofan í vöruhönnun; frá rannsóknarstofunni til vörunnar á hillunni og hvernig hún hefur samskipti við manneskjuna sem notar vöruna.“

## Árleg hefð að vinna í samstarfi við íslenskar listakonur

Það er árleg hefð hjá BIOEFFECT að

velja íslenska listakonur til að vinna með þegar kemur að hönnun gjafasettanna og meðal fyrri samstarfa má nefna Kristjönu S. Williams og Doddu Maggý. Þá hefur BIOEFFECT einnig unnið með listafólkinu James Merry og Shoplifter, Hrafnhildi Árnadóttur, sem hannaði 10 ára afmælisútgáfu EGF húðdropanna.

## Ramma inn vörur BIOEFFECT

„Samstarf BIOEFFECT við íslenskt listafólk er ætlað að ramma inn vörur BIOEFFECT á fallegan hátt og gera að hátíðlegri gjöf, en ekki síður að vekja athygli á íslenskrum list og listakonunni sem samstarfið er við hverju sinni. Kynningin nær til yfir 20 landa þar sem vörur BIOEFFECT eru seldar, í verslunum og á netinu. Samstarfið við Þórdísi Erlu hefur verið sérstaklega

gefandi og ánægjulegt, og við hjá BIOEFFECT virkilega ánægð með útkomuna sem við vonum að gleði sem flesta þessa jólahátíð“ segir Liv Bergþórsdóttir, forstjóri BIOEFFECT.

BIOEFFECT eru margverðlaunaðar, íslenskar húðvörur sem byggja á íslensku hugviti. Virku innihaldsefni húðvaranna eru framleidd með aðferðum plöntu-líftækni, svokallaðir vaxtarþættir, og eru þeir framleiddir í byggplöntum í gróðurhúsi ORF Líftækni á Íslandi. BIOEFFECT EGF (Epidermal growth factor) er þekktasti vaxtarþætturinn.

BIOEFFECT X Þórdís Erla Zoëga gjafasettin fást í verslun BIOEFFECT á Hafnar-torgi, bioeffect.is og á völdum sölustöðum.



Framúrskarandi fyrirtæki 2010-2024

PFAFF  
1929 – 2024

28. október - 2. nóvember

95 ÁRA

AFMÆLISHÁTÍÐ

FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!

# Forvarnarvika Garðabæjar

1.-8. nóvember 2024

## Góð samskipti





# Dekkjahöllin opnar hjólbarðaverkstæði og lager í Miðhrauni

Dekkjahöllin færir sig nær viðskiptavinum í Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði og á Reykjanesi

Dekkjahöllin bætir nú við nýju hjólbarðaverkstæði við Miðhraun í Garðabæ, en fyrir eru fjögur verkstæði fyrirtækisins starfrækt í Skeifunni og Skútuvogi í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. Nýja verkstæðið í Garðabæ opnar á næstu dögum en verið er að leggja lokahönd á frábæra aðstöðu við Miðhraun 18 í Garðabæ.

Saga Dekkjahallarinnar spannar 40 ár, en Gunnar Kristdórssón, stofnandi fyrirtækisins byrjaði fyrst með hjólbarðapjónustu í bílskúr á Akureyri árið 1982. Í kjölfarið opnaði hann Dekkjahöllina í Draupnisgötu 5 árið 1984. Því næst opnaði Dekkjahöllin í Fellabæ á Egilsstöðum árið 1998 sem þróaðist í yfirtöku á rekstri Sóldekkis árið 2002. Verkstæðin tvö voru svo sameinuð nokkrum mánuðum síðar. Í febrúar árið 2008 opnaði Dekkjahöllin svo fyrsta hjólbarðaverkstæðið í Reykjavík í Skeifunni 5. Í framhaldinu var opnað annað verkstæði árið 2012 í Skútuvogi 12 til að anna eftirspurn eftir þjónustu sem síðan hefur farið sívaxandi.

**Færa sig nær viðskiptavinum sínum í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Reykjanesi**

Með tilkomu verkstæðisins í Miðhrauni eru þau orðin fimm talsins, þar af þrjú á höfuðborgarsvæðinu. Jón Trausti Ólafsson er forstjóri Vekru sem er eigandi Dekkjahallarinnar. „Í Miðhrauni verður Dekkjahöllin með hjólbarðaverkstæði og lager. Með síauknu vöruúrvali og tilkomu Continental umboðs Dekkjahallarinnar hefur þörfin aukist fyrir stórt og gott lagerhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt erum við að færa okkur nær viðskiptavinum okkar í Kópavogi, Garðabæ, Hafn-



Jón Trausti segir að verkstæðið í Miðhrauni verði fyrst og fremst hjólbarðapjónusta og sala þar sem áhersla verður lögð á framúrskarandi þjónustu, en verkstæðið verður vel búið með nýjum og vönduðum tækjabúnaði. Verkstæðið verður opnað á næstu dögum, en verið er að leggja lokahönd á flotta aðstöðu við Miðhraunið eins og myndin ber með sér

arfirði og á Reykjanesi til að geta boðið þeim upp á fljóta og góða hjólbarðapjónustu og mikið úrval af vönduðum dekkjum í flestum stærðum. Áhersla Dekkjahallarinnar er að bjóða upp á fyrsta flokks úrval af negldum og ónegldum vetrardekkjum, heilsársdekkjum og sumardekkjum í ýmsum verðflokkum svo að hægt sé að uppfylla þarfir sem flestra.“

## Hjólbarðapjónusta og sala

Dekkjahöllin hefur sérhæft sig í sölu á dekkjum og léttari þjónustu við bifreiða-eigendur. Jón Trausti segir að nýja verkstæðið muni þó einbeita sér að dekkjunum: „Miðhraunið verður fyrst og fremst hjólbarðapjónusta og sala þar sem áhersla verður lögð á framúrskarandi þjónustu og að verkstæðið sé vel búið með nýjum og vönduðum tækjabúnaði.“

## Persónuleg og hröð þjónusta

Aðspurður um sögu Dekkjahallarinnar, sem er upphaflega rótgróið fjölskyldufyrirtæki svarar Jón Trausti: „Við höfum lagt mikla áherslu á að halda í gömlu fjölskyldugildin, sem eru góð og persónuleg þjónusta og að þjónustustigið breytist ekki. Dekkjahöllin er þekkt fyrir frábæra þjónustu og gott úrval vandaðra dekkja. Mikil þekking og reynsla er fyrir hendi í góðum hópi starfsmanna, sem margir hverjir hafa fylgt fyrirtækinu í mörg ár og jafnvel áratugi. Viðskiptavinir okkar geta því treyst því að þeir fáir faglega, persónulega og fyrsta flokks þjónustu og að við veljum birgjana okkar af kostgæfni sem fyrr. Fyrirtækið er í samstarfi við marga af stærstu, bestu og rótgrónustu birgjum heims í dekkjum og þar má nefna Continental, Yokohama og Falken.“

Landsmenn eru sjálfsgaft farnir að huga að dekkjaskiptum, en samkvæmt Jóni Trausta er óþarfi að bóka tíma hjá Dekkjahöllinni: „Við erum ekki með tímabókanir þar sem við kappkostum að bjóða upp á skjóta þjónustu þegar viðskiptavinurinn þarf á henni að halda. Viðskiptavinir geta því treyst því að geta mætt til okkar og fengið ráðgjöf eða úrlausn vandamála,“ segir Jón Trausti en hvetur um leið þá sem ætla að skipta yfir á naglalaus vetrardekk að vera tímanlega í því og jafnvel sé gott að klára það sem fyrst í október: „Þegar fyrsti snjórinn kemur þá verður alltaf meira að gera og þá er bara að mæta og við gerum þetta hratt og örugglega –

Continental er gríðarlega mikil og samsetning bílafötans ekki ólík því sem gerist á Íslandi. Yokohama dekkinn hafa einnig heldur betur sannað sig við íslenskar aðstæður síðustu ár og við eigum marga viðskiptavini sem hafa eingöngu keyrt á þeim í yfir áratug. Vetrardekkinn frá Yokohama henta einstaklega vel við íslenskt veðurfar, en merkið býður upp á loftbóludekk fyrir þá sem kjósa naglalaus dekk, ásamt vönduðum fjölnagladekkjum sem geta tekist á við mest krefjandi aðstæður.“

Jón Trausti gefur okkur einnig dæmi um þá aukahluti sem Dekkjahöllin býður upp á: „Dekkjahöllin selur einnig og sérpantar álfelgur undir flestar gerðir bíla. Meðal annars er fyrirtækið umboðsaðili fyrir MAK sem eru ítalskar og sérstaklega fallegar gæðafelgur. Við seljum einnig og skiptum um loftþrýstiskynjara í bifreiðum, pöntum og seljum vetrardekk á felgum í flestar gerðir bíla. Auk þess erum við með kerrur og varahluti í þær, en leggjum þó ekki megináherslu á það.“

## Fjölnagladekk Falken góð á blautum ís

En hvað með nagladekkinn; eru þau nauðsynleg og öruggari eða nægja góð vetrardekk? „Okkar birgjar hafa fjárfest umtalsvert í hönnun naglalausra dekkja undanfarið ár og áratug og það hefur skilað sér í bættri gúmmiblöndu og betra gripi við fjölbreyttar aðstæður. Þar má til dæmis nefna Viking Contact 7 og 8 frá Cont-



„Dekkjahöllin er þekkt fyrir frábæra þjónustu og gott úrval vandaðra dekkja. Mikil þekking og reynsla er fyrir hendi í góðum hópi starfsmanna, sem margir hverjir hafa fylgt fyrirtækinu í mörg ár og jafnvel áratugi,“ segir Jón Trausti

nýja verkstæðið kemur sem góð viðbót núna í nóvember og það er gott að opna í Miðhrauni beint á móti 66° norður.“

Eitthvað hefur einnig borið á umræðu um yfir hvaða tímabil notkun nagladekkja er heimil: „Þann 1. nóvember er heimilt að setja nagladekkinn undir, en það má einnig gera það fyrr ef akstursaðstæður krefjast notkunar þeirra. Ónelgd vetrardekk má vitanlega setja undir fyrr. Reglugerðin setur þá kröfu á ökumann að honum sé skylt að vera á vetrardekkjum eða nagladekkjum þegar snjór eða ísing er á vegi,“ nefnir Jón Trausti.

## Fengur í Continental umboðinu og loftbóludekkjum Yokohama

Dekkjahöllin hefur verið þekkt fyrir að bjóða upp á gott vöruúrval ásamt fylgihlutum, Jón Trausti nefnir að fyrirtækið velji sérstaklega inn vörumerki og dekk sem henta íslenskum aðstæðum: „Dekkjahöllin er meðal annars nýr umboðsaðili Continental sem er einn stærsti og vandaðasti framleiðandi heims, með mjög háa markaðshlutdeild á Norðurlöndunum, til dæmis í Noregi þar sem markaðshlutdeild

inental sem eru framúrskarandi naglalaus dekk sem hafa unnið fjölmargar prófanir. Loftbóludekkinn frá Yokohama hafa einnig sannað sig frábærlega við fjölbreyttar íslenskar aðstæður,“ svarar Jón Trausti en segir jafnframt að nagladekkinn hafi enn vinninginn við krefjandi aðstæður eins og akstur á blautum ís: „Því velja margir ökumenn þau enþá, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Sem dæmi má nefna að Icguard nagladekkinn frá Yokohama, IG65 og IG55, sem og F-ICE 1 fjölnagladekkinn frá Falken hafa komið mjög vel út í snjó og hálfu, en eru einnig endingargóð, með góðu naglahaldi og hljóðlát.“

Jón Trausti talar að lokum um að Dekkjahöllin leggi áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta valkost í vöruúrvali á öllum stöðum á landinu til að lágmarka biðtíma og mæta ólíkum þörfum viðskiptavina. Aðspurður um verðlag svarar hann einfaldlega: „Dekkjahöllin leggur áherslu á að veita skjóta og vandaða þjónustu á sanngjörnu verði. Það er ekki markmið okkar að vera ódýrust, en við viljum vera með gæði í okkar vöru og um leið veita framúrskarandi þjónustu.“

NÚ EINNIG FÁANLEGT Í HAGKAUP

**BURT MED GULA TONA**

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR ÖLLUM GULUM TÖNUM ÚR LJÓSU OG GRÁU HÁRI

**FUDGE** PROFESSIONAL

# Tónlistarskóli Garðabæjar

# 60 ára

Laugardaginn 9. nóvember

Skólinn fagnar tímamótunum með tónleikum  
kl. **13.00**, **14.00**, **15.00** og **16.00** í tónleikasal  
skólans Kirkjulundi 11. Verið öll velkomin.

# FRAMÚRSKARANDI- OG FYRIRMYN

Við erum ákaflega stolt af því að vera í hópi Framúrskarandi og/eða Fyrirmyndarfyrirtækja samkvæmt útnefningu Við



LINDEX



# YFIRMYNDARFYRIRTÆKI Í GARÐABÆ 2024

50 fyrirtækja samkvæmt útnefningu Creditinfo fyrir árið 2024  
Viðskiptablaðsins/Keldunnar sem eru staðsett í Garðabæ



**AH PÍPULAGNIR**  
Sími 555 7012



**KFC**



**TOYOTA**

**Endurskoðun  
& ráðgjöf ehf.**

Eymundur Sveinn Einarsson  
löggiltur endurskoðandi

Garðatorgi 7 • 212 Garðabær  
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is



**TOYOTA**

**ESAIT ehf.**

Teistunesi 1  
210 Garðabæ



**BORGARAFL**  
GARÐABÆ  
BYGGINGARSTARFSEMI  
OG MANNVIRKJAGERÐ



**OG VERK ehf**  
Allhliða málingarþjónusta  
Sími 777 5444 — ogverk@ogverk.is



**Gæ**  
Stofnað 1968



**RAFBODI**



**HANNA**  
VERKFRÆÐISTOFA

HANNA Verkræðistofa sérhæfir sig í hönnun burðarvirkja



**EIMVERK DISTILLERY**

**STRAUMVIRKI EHF**

Suðurhrauni 2  
s: 564 3640



**essei**  
HEILDVERSLUN



**STÁLSMÍÐJAN  
FRAMTAK**  
EHF

Viðgerðir og viðhald á  
skipum og bátum



**SMURSTÖÐIN**  
GARÐABÆ



**IKEA**



**SAMHENTIR**  
UMBÚÐALAUSNIR



**DISTA**

Af alls 1.643 fyrirmyndarfirmir á Íslandi eru 70 þeirra staðsett í Garðabæ samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins og Keldunnar yfir Fyrirmyndarfirmir í rekstri fyrir árið 2024 og fækkar þeim um 8 frá því í fyrra. Alls eru 45 Framúrskarandi firmir staðsett í Garðabæ samkvæmt árlegri útnefningu Creditinfo og fjölgar þeim um eitt frá því í fyrra, en í öllum tilvikum eru þessi 45 Framúrskarandi firmir einnig Fyrirmyndarfirmir. Alls eru 1.133 sem teljast til Framúrskarandi firmir í ár og af þeim eru 4% staðsett í Garðabæ.



**Framúrskarandi  
firmir 2024**



**2024** Fyrirmyndarfirmir  
í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan

# Geimvera í Garðabæ!

Leikfélagið Verðandi í FG hefur sett upp áhugaverða barnasýningu



Leiksýningin Geimvera í Garðabæ! verður frumsýnd í FG föstudaginn 1. nóvember en daginn eftir, 2. nóvember verður góðgerðarsýning á Geimveru í Garðabæ! en allur ágóði af miðasölu á hana mun renna til neyðarsöfnunar Unicef fyrir börn á Gaza.

Síðustu vikur hefur leikfélagið Verðandi í FG unnið hörðum höndum að uppsetningu þessarar barnasýningar en aðeins nemendur í FG koma að uppsetningunni. Allt



frá handritaskrifum og leikstjórn yfir í ljósforritun og búningahönnun er í höndum ungra og upprennandi listamanna en drifkrafturinn er brennandi áhugi á leiklist. Þetta er í raun að hluta til feðgaverkefni þar sem höfundar verkefna eru þeir Mikael Steinn Guðmundsson og faðir hans Guðmundur Grétar Magnússon.

Sögusvið sýningarinnar eru þekkt kennileiti í Garðabæ, t.d. klukkuturninn, en nafn bæjarins kemur fyrir í nafni sýningarinnar. Það gerir hana að einstökum menningarviðburði í bænum en markhópurinn eru fjölskyldur og börn bæjarins.

„Þar sem sýningin er barnasýning finnst okkur meira en viðeigandi að tileinka ágóða af miðasölu af sýningunni 2. nóvember til bágstaddra barna á Gaza-svæðinu,“ segir Smári og lóa Ósk hjá leikfélaginu Verðandi.

Miðaverð er aðeins 2000 krónur og verður það að teljast þrusugott verð, miðað við alla þá dýrtíð sem geysar hér á landi um þessar mundir. Því er þetta tilvalið tækifæri til að komast á góða skemmtun fyrir gott verð. Sýningar verða 1., 2., 3. og 10. nóvember.

Aðsend grein

Hrannar Bragi Eyjólfsson

## S-in fimm – Samkennd, seigla, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun

Forvarnavika Garðabæjar 1.-8. nóvember 2024

Forvarnavika Garðabæjar verður haldin í níunda sinn dagana 1.- 8. nóvember 2024. Vikan hefst á Menntadegi Garðabæjar og lýkur á Degi gegn einelti.

Markmið forvarnavikunnar er að vekja athygli á mikilvægum og fjölbreyttum þáttum í forvarnarstarfi. Garðabær vill með forvarnavikunni styrkja og efla forvarnir í bænum, auka fræðslu, þekkingu og vitund Garðabæinga um lýðheilsu, samfélagið og nauðsynlegar forvarnir á ýmsum sviðum. Með viðtækri þátttöku í forvarnavikunni nýtum við þau sóknarfæri að gera vel í forvarnarmálum og stuðlum að heilbrigði Garðabæinga á öllum aldri á markvissan hátt.

### Viðtæk samvinna samfélagsins

Forvarnavikan er verkefni sem hófst í grunnskólum bæjarins árið 2016. Verkefnið hefur vaxið að umfangi með ári hverju en strax á öðru ári bættust leikskólarnir við. Í kjölfarið fylgdu ýmsar stofnanir og félög í bænum og fyrir nokkrum árum var sérstaklega leitað til eldri borgara og ungmennaráðs í því skyni að sem flestar raddir heyrðust í forvarnavikunni.

Það er að mínu áliti afskaplega mikilvægt að samfélagið allt komi að forvarnarmálum enda varða forvarnir bæjarbúa alla og verða þeim mun áhrifa-meiri ef allt samfélagið tekur höndum saman og vinnur að þeim sem ein heild. Höfum það hugfast að þó forvarnavikan sé árlegt átaksverkefni, sem sett er af stað í því skyni að vekja vitund og efla fræðslu, að þá eru forvarnir viðfangsefni allra á hverjum einasta degi allt árið um kring.

### Góð samskipti skapa gott samfélag

Þema forvarnavikunnar í ár eru samskipti og S-in fimm sem lögð eru fram í nýjum Samskiptasáttmála Garðabæjar. S-in fimm eru samkennd, seigla, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun.

Í vikunni ætlum við að skoða samskiptin okkar með fjölskyldum, skólum og íþróttafélögum með sérstaklega áherslu á S-in fimm. Við munum skoða hugtökin frá ýmsum sjónarhornum með það að markmiði að bæta og stuðla að jákvæðum samskiptum í samfélaginu okkar. Við berum öll ábyrgð á að eiga í góðum samskiptum, bæði ég og þú, sama hvaða hlutverki við gegnum, sem foreldrar, þjálfarar, iðkendur, kennarar, nemendur og manneskur í samfélaginu okkar.

Í leikskólum bæjarins mun hver leikskóli vinna með S-in fimm og fjalla sérstaklega um hugtökin í starfi sínu þá vikuna. Í grunnskólunum verður fjölbreytt dagskrá og munu félagsmiðstöðvarnar leggja áherslu á að kynna forráðafólki fyrir starfsemi þeirra og vinna sérstaklega með S-in fimm með það að augnamiði að treysta tengsl forráðamanna, barna og starfsmanna félagsmiðstöðvanna.

Í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ hefur verið ákveðið að halda forvarnarmánuð í nóvember og verður fjölbreytt dagskrá með námskeiðum, smíðjum og alls kyns viðburðum sem hafa það að markmiði að efla félagsfærni, samkennd og



„Íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar beinir því til íþróttafélaga og annarra frjálsra félaga í bænum að leggja áherslu á að bæta samskipti til að bæta líðan einstaklinga sem koma að starfinu, bæði þjálfara og iðkenda,“ segir Hrannar Bragi

samskipti meðal nemenda. Þar að auki er sefnt að því að draga úr símanotkun, auka samfélagslega ábyrgð og stuðla að betri andlegri heilsu meðal nemenda með því að hvetja til betri samskipta og aukinnar samveru.

Íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar beinir því til íþróttafélaga og annarra frjálsra félaga í bænum að leggja áherslu á að bæta samskipti til að bæta líðan einstaklinga sem koma að starfinu, bæði þjálfara og iðkenda.

### Opinn fundur með forráðafólki barna og ungmenna 12. nóvember

Garðabær mun síðan halda opinn fund með forráðafólki barna- og ungmenna í Garðabæ þriðjudaginn 12. nóvember nk., kl. 20:00 í Sjálandsskóla. Bæjarstjóri mun ávarpa fundinn en svo munu fyrirlesarar flytja nokkur erindi um málefni sem snúa að börnum og ungmennum í bænum okkar í ljósi umræðna og atburði sem hafa átt sér stað í samfélaginu undanfarin misseri, s.s. um vopnaburð ungmenna, hópamyndanir, hættur á samfélagsmiðlum o.s.frv. Við hvetjum foreldra og forráðafólk til að fjölmenna á opna fundinn og taka þátt í gagnlegum umræðum um forvarnir í lífi barna og ungmenna í Garðabæ.

### Tökum þátt – vinnum saman að heilbrigðu samfélagi!

Fyrir hönd íþrótt- og tómsundaráðs Garðabæjar vil ég hvetja alla bæjarbúa til að vinna saman að heilbrigðu samfélagi. Hugum sérstaklega að daglegum samskiptum í lífi okkar, sköpum traust manna í millum og treystum þannig forvarnir í lífi barnanna okkar. Dagskrá forvarnaviku Garðabæjar má finna á vef bæjarins, gardabaer.is, og einnig má sjá upplýsingar á vefjum skólanna. Ég vil þakka sérstaklega þeim fjölmörgu aðilum sem hafa lagt sig fram við að undirbúa áhugaverða, fræðandi og skemmtilega dagskrá fyrir forvarnavikuna okkar árið 2024.

Hrannar Bragi Eyjólfsson  
formaður íþrótt- og tómsundaráðs

Vefmiðill Garðapóstisins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://Facebook.com/Gardaposturinn.is)  
[Twitter.com/Gardapostur](https://Twitter.com/Gardapostur)  
[Instagram.com/Gardaposturinn](https://Instagram.com/Gardaposturinn)

[eignaumsjon.is](http://eignaumsjon.is)



## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á [thjonusta@eignaumsjon.is](mailto:thjonusta@eignaumsjon.is).

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• **EIGNAumsjón**

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800



# Það er stutt í veturinn og líka Nesdekk!

## Nesdekk Lyngás 8

Hjá sérfræðingum Nesdekk færðu dekkjaskipti og ráðleggingar við val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Tímamantanir á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)



Harðskelja-  
dekk


Toyo  
GSI 6

Nankang  
Sw8

Pirelli  
Scorpion Winter 2



Skannaðu QR kóðann  
til að bóka tíma.



## Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á [nesdekk.is](http://nesdekk.is)

# Framúrskarandi þjónustuupplifun í nýrri verslun

## ELKO opnar eina glæsilegustu raftækjaverslun Norðurlanda í Lindum í Kópavogi í dag, 31. október

Stærsta raftækjaverslun landsins, ELKO Skógarlind, opnar dyr sínar að nýju fyrir viðskiptavinina í dag, fimmtudaginn 31. október, eftir mikla uppþyftingu og endurbætur á húsnæðinu, en versluninni var lokað tímabundið 17. október sl.

Garðapósturinn sló á þráðinn til Óttars Arnars Sigurbergssonar, framkvæmdastjóra ELKO og spurði hann nánar um verkefnið og tilganginn.

### Vildum gera verslunina nútímalegri og aðgengilegri

Hver er ástæðan fyrir því að þið réðust í þetta verkefni og hvað breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu? „ELKO hóf starfsemi á Smáratorgi árið 1998, en 2008 var verslunin flutt í nýtt húsnæði við Skógarlind. Síðan þá hefur verslunin bara verið endurnýjuð einu sinni árið 2015 þegar nýtt vörumerki ELKO var kynnt til leiks. Raftækjamerkaðurinn er alltaf á fleygiferð og vörurval breytist í takti við nýja tækni. Það gerir kröfu á okkur um að vera vel vakandi og endurnýja verslanir með reglulegu millibili. Við ákváðum að ráðast í framkvæmdir og breytingar í ELKO Lindum sem er löngu búin að sanna sig sem stærsta raftækjaverslun landsins og var að hefja niunda rekstrarár í óbreyttri mynd. Við vildum gera verslunina nútímalegri og aðgengilegri og auðvelda okkur að veita betri þjónustu,” segir Óttar Örn og heldur áfram: „Við gerðum töluverðar breytingar. Til dæmis var skipt um alla klæðningu á ytra byrði, inngangur var færður til að bæta flæði og byggður stór og glæsilegur gleringangur. Kassasvæðið var sameinað þjónustuborði inni í versluninni til að bæta þjónustu og minnka biðtíma og inni í versluninni hefur verið bætt við sérstöku svæði fyrir ráðgjöf til fyrirtækja. Svo var öll loftræsting tekin í gegn til að bæta loftgæði. Baksvæði voru líka endurhuguð með bætta þjónustu í huga og útbúnað betri skrifstofur fyrir stjórnendur verslunar.”



Óttar Örn segir raftækjamerkaðinn alltaf á fleygiferð og það gerir kröfu til fyrirtækisins um að endurnýja þurfi verslanir ELKO með reglulegu millibili

Lifandi efni á skjám um alla verslun. Og mun upplifun viðskiptavina verða allt önnur nú þegar þeir ganga inn í endurbætta verslun ELKO - eruð þið búnir að skapa hálfgerðan ævintýraheim? „Upplifun viðskiptavina verður vonandi allt önnur enda engu til sparað í innréttingum, útliti eða merkingum. Verslunin er með lifandi efni á skjám út um allt. Þar er að finna um átta LED Matrix skjái ásamt yfir 30 sjónvarpstækjum til upplýsingagjafar, en þau bæstast við öll þau sjónvörp sem eru til sölu. Í leikjadeildinni er svo risastór skjár sem hægt er að tengja allt að átta leikjaspilara inn á og fylgjast með sem hentar mjög vel í tölvuleikjamót.

Á öllum innréttingum eru merkingar sem eiga auðvelda fólk að rata um og finna rétta vörur. Verslunin er mjög vel merkt, enda fengum við heilan 40 feta gám bara með merkingum og ætti því ekkert að vanta. Því til viðbótar verður hægt að sjá staðsetningu allra vara í Lindum í sérstöku staðsetningarkerfi inni á elko.is. Þar getur fólk fundið vöruna sem það leitast að, séð á korti hvar hún er í versluninni og svo blikkar rafrænn hillumiði til leiða fólk á nákvæmlega réttan stað,” segir hann og bætir við: „Við leggjum líka mikið upp úr því að hafa sýningareintök af öllum vörum svo hægt sé að handleika þær, snúa,

skoða og meta. Í Lindum er vörum gert hærra undir höfði til að auðvelda fólk ákvarðanir um innkaupin. Svo höldum við líka í þætti sem fólk þekkir, svo sem endurvinnslukassa fyrir raftæki og innpökkunarborð sem margir nýta sér.”

### Versluninni hefur algerlega verið snúið við

Er búin að snúa öllu á hvolf í versluninni eða geta viðskiptavinir gengið að raftækjunum og öðrum vörum á sama stað og þær voru áður? „Versluninni hefur algerlega verið snúið við í skipulagi miðað þá hvað var áður. Flæði inn í verslun og uppröðun vöru er samkvæmt nýjustu stöðlum. Verslanir ELKO í Lindum og Skeifunni eru nú settar eins upp, með sömu uppröðun vöruflokka og því ættu reglulegir viðskiptavinir að þekkja sig, óháð því hvaða verslun er heimsótt. Til þess að geta sett upp þetta nýja flæði í versluninni var inngangnum til að mynda hliðrað og kassasvæði fært.”

### Í Gaming deildinni verður hægt að bjóða upp á viðburði, mót og keppnir

En eru þið að bjóða upp á einhverjar nýjungar í þjónustunni og jafnvel nýjar vörulínur? „Verslunin hefur verið skjá-

vædd og er sjón sögu ríkari, í Gaming deildinni verður til að mynda hægt að streyma leikjum úr allt að 6 tölvum á stórum skjá sem býður upp á skemmtilega viðburði, mót og keppnir í rafíþróttum. Þessa á milli verða sýnd skemmtileg brot úr nýjustu leikjunum ásamt öðru rafíþróttatengdu efni.”

### Stytti biðtími og bæt þjónusta

„Við höfum sett upp nýjustu gerð af númerakerfi bæði fyrir söluráðgjafa og á þjónustusvæði með stórum og sýnilegum sjónvarpsskjám, sem mun stytta biðtíma og bæta þjónustuna. Staðsetningarkerfi vara á elko.is verður svo komið í gang nokkrum dögum eftir opnun. Í fyrirtækjaráðgjöf er nú að finna sýningareintök vara sem eru sniðnar að fyrirtækjum og söluráðgjafi er fyrirtækjum innan handar með þjónustu.”

þegar komnir í gagn við skilartími til 31. janúar.”

**Komumst ekki langt í að eiga ánægðustu viðskiptavinina nema að eiga líka ánægðasta starfsfólkið** Og er spennan og eftirvænting á meðal starfsfólksins að opna í raun nýja glæsilega verslun? „Starfsfólkið okkar hefur staðið sig eins og heitur í þessu erfiða framkvæmdaumhverfi sem verið hefur síðustu mánuði. Þau eiga öll hrós skilið og get ég fullyrt að þau hlakkar til að fá nýrri og betri verslun til að vinna í næstu árin. Mikið var lagt upp úr að gera alla aðstöðu starfsfólks mun betri en áður var. Starfsfólk okkar fær nú mun betri loftræstingu, stærra og betri kaffiaðstöðu, kósý-herbergi til að slaka á eftir mat, betri skrifstofur fyrir stjórnendur og betri baksvæði til að vinna í þjónustumálum. Við komumst ekki langt



Ný og glæsileg verslun ELKO í Lindum er með sérstakri Gaming deild

### Boðið upp á fagað val unaðsvara í Lindum

„Svo er nýjung í Lindum að þar hefur verið sett upp vörulína af unaðsvörum, sem hafa eingöngu verið í sölu í Skeifunni, á Akureyri og í vefversluninni hingað til en nú bjóðum við þennan vöruflokk velkominn í nýja verslun í Lindum. Um er að ræða fagað úrval unaðsvara og passar úrvalið vel innan um aðrar heilsu- og snyrtivörur sem eru í úrvali ELKO.

Stærsta breytingin er þó að núna eru þjónustuborð og afgreiðslukassar á sama svæði. Það er því á einum stað sem fólk greiðir fyrir vörur, sækir eftirkaupaþjónustu eða fær ráðgjöf um uppsetningu á tækjunum.

Í Lindum verður svo áfram hægt að fá sérniðnar öryggisfilmur á farsíma, snjallúr og tölvur og höldum áfram að kaupa notuð raftæki af viðskiptavinum. Í versluninni verða svo nokkur eldhús og þvottahús sett upp á stóru svæði til að sýna vörurnar í sínu eðlilega umhverfi,” segir hann.

### Ef þú slakar á í smástund missir þú forskotið

Eru verslanir ELKO og þjónustan alltaf í stöðugri þróun og endumati, eru þið ávallt að takast á við ný verkefni og auknar kröfur? „Það er algjört lykilmátt að sinna framþróun því ef þú slakar á í smástund missir þú forskotið. Svo erum við ekki bara að eiga við keppinauta innanlands heldur keppum við í alþjóðlegu netverslanaumhverfi þar sem samkeppnin getur verið hvar sem er í heiminum. Við höfum því lagt upp úr einstakri upplifun í verslunum okkur og að þar sé boðið upp á framúrskarandi þjónustu og verulega hagstæða kaupskilmála. Bara til að nefna nokkur atriði þá bjóðum við upp á 30 daga skilartími þar sem þú mátt hafa prófað vöruna sem og jólagilamiða sem eru nú

í að eiga ánægðustu viðskiptavinina nema við eigum líka ánægðasta starfsfólkið.”

### Risaopnunartilboð í ELKO Lindum

Og svo eru stórir dagar framundan m.a. Svartur föstudagur og svo styttest í jólatörnina - það verður því nóg um að vera hjá ykkur á næstunni? „Við verðum með risaopnunartilboð í ELKO Lindum sem hefjast fimmtudaginn 31. október og standa yfir alla helgina og verða tilboðin eingöngu í boði í verslun ELKO í Lindum. Við bjóðum sem flest velkominn að skoða verslunina og taka um leið forskot á tilboðsdagana í nóvember þar sem hægt verður að tryggja úrval vara á fræbærum opnunartilboðum og jafnvel hægt að klára einhver jólagjafainnkaup í leiðinni. Eftir opnun eru svo líka á döfni stórir tilboðsdagar: Dagur einhleypra á elko.is, svartur fössari í öllum verslunum, stafrænn mánudagur á elko.is og svo sjálf jólin. Fram undan er stórt sölutímabil í ELKO og við erum tilbúnir í það með fullt vöruhús. Um miðjan nóvember skreytum við svo verslanir okkar og komum þeim í jólaútlit.”

### Heyrnartól og farsimar klárlega haft vinningin

Og þar sem styttest óðum í jólin, hver hefur verið vinsælasta jólavaran í gegnum árin og hvaða vara áttu von á að slái í gegn fyrir þessi jól? „Síðustu ár hafa heyrnartól og farsimar klárlega haft vinninginn sem jólagjöf ársins og munu líklegast eiga það aftur þessi jól. Það eru hinsvegar fjölmargar spennandi jólagjafir í boði sem eflaust verða gríðarlega vinsælar. Þar má helst nefna vatnsbrúsan Stanley Quencher sem hefur selst í þúsundtali síðustu mánuði og svo er búist við að stafrænir myndarammar komi sterkir inn,” segir Óttar Örn að lokum og hvetur alla að mæta á opnun ELKO í Lindum.

## MADONNA DI CAMPIGLIO

# HÓPURINN SAMAN Á SKÍÐI

Við sjáum um hópinn þinn - sendu okkur póst hopar@uu.is og við skipuleggjum þína ferð frá A til Ö.

**HELGI OG DINNA FARARSTJÓRAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR!**

**FYRSTA FLUG 18. JANÚAR 2025**

Madonna er einn þekktasti skíðabær Ítalíu. Stutt í lyftur og kláfa og skammtan tíma tekur að komast upp í skíðalöndin ofan við bæinn. Sex mismunandi skíðasvæði sem henta mismunandi getu hvers og eins. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk matargerð og góður félagskapur.

**\*Innifalið í verði:** ➔ 🚠 🍽️ 🛏️ 🧰 🎿  
Flug, gisting, taska, íslensk fararstjórn og skíðapoki

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRI 6 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

# Gallerí Kaffihús

Haustsýning Grósku  
2024



**Haustsýning Grósku** verður með öðru sniði í ár en salnum okkar hefur nú verið breytt í notalegt kaffihús þar sem við verðum með heitt á könnunni og ljúffengt bakkelsi ásamt fallegri myndlist upp um alla veggi. Við hlökkum til að sjá ykkur!

Sýningin er haldin í Gróskusalnum, 2. hæð, á Garðatorgi 1, Garðabæ. Gengið er inn á torgið við hliðina á Bónus.

**Sýningin verður opnuð laugardaginn 2. nóv. kl. 14.00 og stendur til kl. 18.00.**

Léttar veitingar og uppákomur.

## GRÓSKA

FÉLAG MYNDLISTARMA NNA  
Í GARÐABÆ

**Sýningin er opin helgarnar:**

2.-3. nóv.	kl. 14-18
9.-10. nóv.	kl. 14-18
16.-17. nóv.	kl. 14-18



GROSKAMYNDLIST



GRÓSKA



# Sprettur handhafi Æskulýðsbikars LH



Þær Þórdís Anna Gylfadóttir yfirþjálfari Sprettis og Jónína Björk Vilhjálmsdóttir formaður Sprettis tóku við verðlaununum fyrir hönd félagsins. Ljósmynd: Eiofæxi

Hestamannafélagið Sprettur er handhafi Æskulýðsbikars Landssambands hestamannafélaga (LH) árið 2024.

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar LH er afhentur því félagi sem skarað hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá árinu 1996. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga.

Æskulýðsbikarinn var afhentur við hátíðlega athöfn á landsþingi Landssambands hestamannafélaga, sem haldið var í Borgarnesi 25.-26. október. Við það tækifæri var eftirfarandi texti lesinn upp: „Félagið hefur sífellt verið að bæta starf sitt, horfir mjög vítt á starfið og er umhugað um alla æsku félagsins, hvort sem um er að ræða áhugaknappa, keppnisknappa eða þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í sportinu. Félagið hefur staðið vel að nýliðin og hefur starfið vaxið og dafnað ár frá ári nú um nokkurra ára skeið. Árangur starfsins sést vel í fjölgun félagsmanna og mikillar nýliðunar.

Félagið stóð fyrir tugum viðburða fyrir alla aldurshópa að meðtöldum námskeiðum og æfingum ásamt því að reka félagshesthús. Þau byrjuðu starfið sitt strax á haust-

mánuðum sem gerir starf þeirra að heils vetrarstarfi. Meðal þess sem okkur fannst athyglisvert er að þau stóðu að skipulögðum reiðtúrum fyrir yngri kynslóðina, þar á meðal fyrir polla. Þau stóðu fyrir ferð þar sem gist var, riðið út og farið í leiki. Þau virkja krakkana með sér og eru annars vegar með barna- og unglíngaráð og hins vegar með ungmennaráð sem opnar fyrir ungu kynslóðina að hafa áhrif á æskulýðsdagskrána. Það var meðal annars til þess að staðið var fyrir reiðnámskeiðferð eingöngu ætlað ungmönnum. Ekki síður vakti athygli nefndarinnar að félagið uppfyllti óskir yngri félagsmanna og fóru með hóp yngri félagsmanna í ferð erlendis til að sjá hestasýningu sem krakkarnir söfnuðu fyrir með ýmiskonar fjáröflun. Það sem nefndinni fannst ekki sist áhugavert og tekur undir með ungu kynslóð félagsins er að sjá önnur félög stofna yngri flokka ráð og myndum við, sem nú sitjum í æskulýðsnefnd LH, gjarnan vilja láta draum þeirra rætast sem er að haldið verði Landsþing yngri flokka. Félagið telur á annað þúsund félagsmenn þar sem um helmingur tilheyrir yngri flokkum félagsins.

Handhafi Æskulýðsbikars Landssambands hestamannafélaga 2024 er Hestamannafélagið Sprettur í Garðabæ og Kópavogi.”

# Textíll er mikilvægur hluti af heimilinu og gegnir ýmsum hlutverkum

Sýningin Heimilistextill opnar í Hönnunarsafni Íslands föstudaginn 8. nóvember.

Í vetur hafa verið haldnar fjórar sýningar í Hönnunarsafni Íslands í samstarfi við Textilfélagið í tengslum við 50 ára afmæli félagsins.

Þetta eru sýningar Skart, Strá og greinar, Ull og sýningin Servíettur. Föstudaginn 8. nóvember kl. 17:00 opnar síðast sýningin í þessari sýningarröð undir yfirskriftinni Heimilistextill.



Myndir frá sýningunum fjórum í Hönnunarsafninu og sú fimmta opnar 8. nóvember



Hönnuðirnir sem eiga verk á sýningunni eru Guðrún Kolbeinsdóttir, Brynhildur Þórðardóttir og Benthina Elverdam Nielsen.

Textíll er mikilvægur hluti af heimilinu og gegnir ýmsum hlutverkum til dæmis sem áklæði, dúkar, teppi, servíettur, viskastykki og svo mætti lengi telja. Þetta er síðasta

sýningin í sýningarröðinni sem haldin er á Pallinum, litlu sýningarrými inn af safnbúðinni. Öll hjartalega velkomin á opnunina.

Ljósmyndir af sýningum: Studíó Fræ  
Ljósmyndir úr opnun á sýningunni  
Strá og greinar: Sigga Ella



**Kvenfélag  
Garðabæjar**

**Boðað er til félagsfundar  
Kvenfélags Garðabæjar að  
Garðaholti 5. nóvember kl. 19**

**GESTIR FUNDARINS ERU FÉLAGSKONUR  
KVENFÉLAGS GRINDAVÍKUR**

Á dagskrá eru almenn fundarstörf  
og strax á eftir veitingar; hlaðborð,  
kaffi og það verður hægt að kaupa léttvín

Tónlistarmaðurinn Geir Ólafsson hefur gefið út lagið  
„Bærinn okkar“ sem er tileinkað Grindvíkingum  
á öllum aldri. Geir flytur nokkur lög og kryddar  
stemminguna af sinni alkunnu snilld

Veitingar verða hefðbundnar að hætti félagskvenna.  
Fundargjald er kr. 2.000.



Það er mikilvægt að vita um fjöldann vegna veitinga.

Við vonumst til að sjá sem flestar

Nánari upplýsingar á <https://kvengb.is/> og <https://www.facebook.com/kvengb/>

Stjórn Kvenfélags Garðabæjar

# VETRAR POP UP

LAUGARDAGINN 2. NÓVEMBER.

FRÁ KL. 11 - 16.

## Garðatorgi 5



## ÁSGARÐSLAUG

Infrarauð sauna, 25 m útilaug samtengd við litla barnalaug. Gufubað, heitir pottar og kaldur pottur, líkamsrækt. Góð aðstaða fyrir fatlað fólk.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00  
Laugard og sunnud kl. 08:00 – 18:00

.....  
**Íþróttamiðstöðin Ásgarður**

Sími: 550 2300  
gardabaer.is



# SUNDLAUGAR

FRÁBÆR AFÞREYING, FJÖR, LÍKAMSRÆKT OG SLÖKUN!

# GARÐABÆJAR



## ÁLFTANESLAUG

Eina öldulaug landsins og stærsta vatnsrennibrautin 10 m há og 80 m löng. Útilaugin er 25 m, innanhúslaug, heitir pottar, buslulaug, gufubað og líkamsrækt. Góð aðstaða fyrir fatlað fólk.

.....  
**Afgreiðslutími:**

Mánud - föstud kl. 06:30 – 22:00 Laugard og sunnud kl. 09:00 – 18:00

.....  
**Breiðumýri, Álftanes,**  
Sími: 550 2350

# „Petta reddast“ er frasi sem er í miklu uppáhaldi

## Mariu Luz Rack De Alvaer ein margra starfsmanna hjá Garðabæ sem tekur þátt í íslenskunámskeiðum

Hópur starfsmanna hjá Garðabæ tekur þátt í íslenskunámskeiðum sem bærinn býður starfsfólki sem hefur annað móðurmál en íslensku upp á. Maria Luz Rack De Alva, leikskólakennari á leikskóladeild Urriðaholtsskóla, er ein þeirra sem skráði sig á námskeið. „Petta reddast“ er frasi sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. Námskeiðin eru nú kennd í annað sinn í Garðabæ, en hópur starfsfólks sótti þau á vormánuðum.

Maria er ein þeirra sem skráði sig í íslenskunámskeið í gegnum vinnustað sinn í Garðabæ. Hún kemur frá Spáni og Þýskalandi en móðir hennar er spænsk og pabbi þýskur.

Hún talar fjögur tungumál en til viðbótar við spænsku og þýsku talar hún ensku og nú auðvitað íslensku. „Það gengur mjög vel og það virkar vel fyrir mig að hafa kennara sem hefur annað móðurmál en íslensku. Þannig veit kennarinn alveg hvað það er sem okkur vantar,“ segir Maria þegar hún er spurð að því hvernig gangi í náminu. Íslenskukennslan er í höndum Liberis Fræðslumiðstöðvar og allir kennarar Liberis eru konur af erlendum uppruna. Maria segir það virka vel fyrir sig að hafa kennara sem þekkir þær áskoranir sem fylgja því að læra nýtt tungumál á fullorðinsaldri. Þegar Maria er spurð út í það áhugaverðasta sem hún hefur lært á íslenskunámskeiðinu hlær hún og nefnir íslenska beyg-



Maria Luz Rack De Alva, leikskólakennari á leikskóladeild Urriðaholtsskóla

ingarkerfið en það getur vissulega verið vandasamt að ná tökum á því.

Maria nýtur þess að læra íslensku og hugsar að það hafi án efa hjálpað að kunna þýsku og spænsku til viðbótar við ensku þegar hún hóf íslenskunámið. Henni þótti afar spennandi að fá tækifæri til að skrá sig á íslenskunámskeið í gegnum vinnuna.

En á hún sér uppáhaldsorð eða frasa á íslensku? „Já, til dæmis „skiptir ekki máli“ og „petta reddast“. Ég nota það mikið,“ segir hún brosandi.

**Leikskólabornin hjálpa henni**  
Maria segir að í starfi sínu sem leikskólakennari í Urriðaholtsskóla séu börnin stöðugt kenna henni ný íslensk orð. „Ég spyr börnin oft, þá bendi ég til dæmis á myndir og hluti og spyr – og þau hjálpa mér.“

## Bæjarmolar

### Mikilvægi endurskinsmerkja



Nú er tíminn til að minna á mikilvægi endurskinsmerkja runninn upp. Í myrkri sjást gangandi og hjólandi vegfarendur illa þrátt fyrir götulýsingu og ökuljós bifreiða og því er notkun endurskinsmerkja mikilvæg.

Það er staðreynd að ökumenn sjá gangandi og hjólandi vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr en ella.

Við minnum á að allir ættu að nota endurskinsmerki, jafnt börn sem fullorðinir.

Einnig er hægt að kaupa þar til gerð endurskinsmerki á gæludýr. Mikilvægt er að foreldrar noti endurskinsmerki til þess að sýna börnum sínum gott fordæmi.

**Æskileg staðsetning endurskinsmerkja:**  
Fremst á ermum  
Hangandi meðfram hliðum  
Á skóm eða neðarlega á buxaskálmum  
Á bakpoka eða tösku

## Syndum hefst 1. nóvember

Garðbæingar hvattir til að taka þátt í landsátaki í sundi sem stendur yfir dagana 1.-30. nóvember



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 30. nóvember 2024.

Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Sund er fyrir alla óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sund er tilvalin þjálfunaraðferð þar sem sund styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans. Sund er frábær hreyfing bæði til þess að hlúa að heilsunni og sem skemmtileg tómstundaiðja. Þetta átak er sprottið út frá Íþróttaviku Evrópu sem tókst með ágætum í ár. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna þannig við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.

Átakið var fyrst haldið 2021 og þá syntu landsmenn samtals 11,6 hringi í kringum landið. Í fyrra voru syntir rúmlega 20 hringir

en markmiðið í ár er að fá enn fleiri til að vera með og uppgötva hvað sund er frábær alhliða hreyfing.

Sund er fyrir alla óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sund er tilvalin þjálfunaraðferð þar sem sund styrkir hjarta- og æðakerfið, lungu og vöðva líkamans.

**223.362 sóttu sundlaugarnar í Garðabæ í fyrra**

Garðbæingar eru hvattir til að taka þátt í átakinu en til gamans þá má geta þess að gestaföldi í sundlaugar Garðabæjar var 223.362 árið 2023 þegar skólasund er ekki latið með, en sundlaugagestir í Ásgarðslaug voru 142.500 og 80.862 í Álfaneslaug.

Það sem af er ári hafa eru sundlaugagestir í Ásgarðslaug orðinir 136.500 og 77.100 í Álfaneslaug.

## Tignarlegar ullarkórónur fyrir alla fjölskylduna

Sunnudaginn 3. nóvember klukkan 13 fer fram fjölskyldusmiðja í Hönnunarsafninu. Viðfangsefnið eru ullarkórónur en þegar kólnar í lofti er tilvalið að geta gengið tignarlega inn í veturinn með hlýjum ullarkórönnum. Smiðjuna leiðir textilhönnuðurinn Judith Amalía, en hún sýnir einnig ullarverk sín á Pallinum um þessar mundir. Judith Amalía er textilkennari og sérlega áhugasöm um möguleika íslensku ullarinnar.



Smiðjan er hluti af fjölskyldudagskrá Hönnunarsafns Íslands sem fer fram fyrsta sunnudag hvers mánaðar í fræðslurými safnsins á 2. hæð. Aðgangur er ókeypis og opin öllum.



## Dýravísur fyrir alla 1. bekkinga í Garðabæ

Kammeróperan flutti söngleikhúsið Dýravísur eftir Jónas Ingimundarson í leikgerð hópsins fyrir alla nemendur í 1. bekk grunnskólanna í Garðabæ þriðjudaginn

29. október. Alls voru þrjár sýningar í Tónlistarskóla Garðabæjar og ljóst að nemendur nutu vel. Sýningarnar voru í samstarfi við Óperudaga.

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu skipulagsnefndar að breytingu á rammahluta aðalskipulags í Vífilsstaðalandi, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Breyting á rammahluta Vífilsstaðalands

Tillagan felst í að hámarksfjöldi íbúða á svæðinu fjölgi í 2470 í 2700. Jafnframt er bætt við ákvæðum um svigrúm á fjölda íbúða um +/- 50 íbúðir fyrir hvern reit, alls 5 reiti. Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 495/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholtis norður í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Hnoðraholt norður - Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- að hámarksfjöldi íbúða í fjölbýlishúsum sunnan Vorbrautar (húsgerð F3) fjölgi úr 12 í 14 í hverju húsi (alls um 16 íbúðir, úr 96 í 112).
- að byggingarreitir húsa sunnan Vorbrautar breiðki úr 14 m í 15 m.
- að byggingarreitir bílakjallara breiðki úr 17 í 18 m á lóðunum Vorbraut 2,4,6,14 og 16.
- að lóðirnar Vorbraut 8, 10 og 12 sameinist í eina lóð með sameiginlegum bílakjallara.
- að raðhúseiningum í Útholti fjölgi um eina í hverri lengju (alls 5 einingar)
- að raðhúseiningum í Stekkholti fjölgi um eina í hverri raðhúslengju (alls 6 einingar)
- að hámarkshæð farsímamastur á lóðinni Vorbraut 6b hækki úr 16 m í 20 m.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1278/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholtis í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Farsímasendir - Breyting á deiliskipulagi Ása og Grundu

Tillagan gerir ráð fyrir 18 m háum farsímasendi við göngubrú við enda Breiðáss við Hafnarfjarðarveg.

Einnig er skipulagsmörkum breytt.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1279/2024).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gert kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 5. desember 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu skipulagsnefndar að verkefnalýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til svæðis á háholti Hnoðraholtis, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Háholtt Hnoðraholtis - Aðalskipulagsbreyting - Verkefnalýsing

Þeir landnotkunarreitir sem tillaga nær til eru 4.04 Íb (Hnoðraholt suður), 4.18 Op (Hnoðraholt-Vífilsstaðir), 4.05 S (Hnoðraholt-leikskóli) og 4.22 I (Hnoðraholt veitumannvirki).

Verkefnalýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1282/2024).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gert kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir til og með 14. nóvember 2024 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), eða á netfangið skipulag@gardabaer.is



# Takið vel á móti fermingarbörnunum

Þau safna fyrir  
Hjálparstarf kirkjunnar  
5.-8. nóvember



Hjálparstarf  
kirkjunnar

# Gallerí Kaffihús opnar á Garðatorgi

Gróska opnar hina árlegu myndlistarhaustsýningu í sal félagsins á Garðatorgi laugardaginn 2. nóvember frá kl. 14.-18.

Gróska opnar hina árlegu myndlistarhaustsýningu félagsins laugardaginn 2. nóvember frá klukkan 14-18. Sýningin fer fram í Gróskusalnum á 2.hæð á Garðatorginu og nefnist hún Gallerí Kaffihús.

Sýningarstjóri að þessu sinni er myndlistararkonan Unnur Sæmundsdóttir. Garðapósturinn leit við í undirbúningi sýningarinnar uppi í Gróskusal þar sem allt var á rúi og stúi og tók Unni Sæm - eins og hún er oftast kölluð - tali.

Hér er mikið um að vera Unnur. Stendur mikið til? „Já, heldur betur. Eins og þú sérð erum við að umbreyta Gróskusalnum, mála hann í gleðilegum litum, færa inn í hann alls konar húsgögn og stóla, hengja upp seríur og fleira. Og svo eigum við eftir að hængja upp og stilla fram fullt af myndlist,” segir Unnur.

Sýningin heitir Gallerí Kaffihús. Mér sýnist salurinn vera farinn að minna á kaffihús. „Já, takk, gaman að heyra. Okkur langaði að slá tvær flugur í einu höggi. Við vildum breyta salnum þannig að umhverfi myndanna sem sýndar verða væri ekki hvítir veggir heldur hlýlegt og margbreytilegt umhverfi. Með því að búa til þannig umhverfi fannst okkur við vera að nálgast einhvers konar kaffihúsastemningu þar sem öllu ægir saman og mikið flæði er á öllu. Má kannski segja að salurinn verði að einu stóru lifandi verki með því að láta umhverfið og listina blandast svona saman. Það er virkilega spennandi hugmynd.”

Þannig að Gallerí Kaffihús er ekki hefðbundin sýning eða hvað? „Alveg rétt



hjá þér. Við breytum Gróskusalnum alveg sérstaklega til að hann blandist saman við verkin sem verða til sýnis. Saman búa þau til stemminguna. En svo verður auðvitað að kaffi og sitthvað annað á boðstólnum eins og á öllum góðum kaffihúsum, sem leikur líka hlutverk í stemmingunni sem skapast. Tarrot, upplestur, notaleg tónlist og fleira sem á eftir að koma í ljós og svo gestirnir. Mikið um að vera en í notalegu umhverfi samt. Við vonumst til að fólk mæti til að setjast aðeins niður og slaka á. Taki með sér bók eða þrjónana. Kroti jafnvel á borðin. Svona eins gerist á kaffihúsi.”

Kroti á borðin? „Já,” segir hún hlæjandi. „Við dekkudum nokkur borð með pappír og á þau má lita og teikna. Ef fólk lætur það eftir sér verður sýningin jafnvel enn betri.”

Hvað stendur sýningin lengi? „Sýningin er þrjár fyrstu helgarnar í nóvember, opið á laugardögum og sunnudögum milli kl.14-18. Lokahelgin er helgin 16. og 17. nóvember. Og það eru allir velkomnir.”



Við óskum Unni Sæm og félögum í Grósku til hamingju með framtakið.

Gallerí Kaffihús í Gróskusalnum á Garðatorgi opnar sem fyrr segir á laugardaginn næsta, þann 2.nóvember milli klukkan 14-18.



## Forvarnarvika Garðabæjar 1.-8. nóvember



Forvarnavika Garðabæjar er haldin 1.-8. nóvember 2024. Um þemaviku er að ræða þar sem aðalviðfangsefnið er góð samskipti. Í vikunni verður samskiptasáttmála Garðabæjar gert sérstaklega hátt undir höfði en leiðarljós hans er að stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu barna, forráðafólks og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Góð samskiptafærni er mikilvægt veganesti í lífinu.

Fjölmargir áhugaverðir viðburðir verða haldnir á stofnunum bæjarins í forvarnar-

vikunni og stefnt er að fræðslufundi fyrir foreldra 12. nóvember næstkomandi. Hægt er að skoða dagskrár skólanna inni á heimasíðum þeirra.

Forvarnavikan einblíur ekki á skólastigin í Garðabæ, en horfir til þess að við getum öll átt í góðum samskiptum með því að sýna samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun eða S-in fimm.

Garðabær vonar að íbúar taki höndum saman og hafi þessi samskipti í huga.

## Er komið að grisjun í þínum garði? Vill grenitréð þitt vera jólatré?



Þjónustumiðstöð Garðabæjar auglýsir eftir falletum grenitrjám úr einkagörðum til að nota sem jólatré á opnum svæðum bæjarins. Starfsmenn bæjarins koma á staðinn, skoða tréð og fjarlægja það, lóðareigendum að kostnaðarlausu, ef það getur nýst sem jólatré.

Fyrirspurnum svarar:

Sigurður Hafliðason, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar í síma 820 8587, pósthaf [sigurdurhaf@gardabaer.is](mailto:sigurdurhaf@gardabaer.is). Einnig er hægt að hringja í skiptiborð þjónustumiðstöðvar í síma 525 8580.



## Ljómandi fallegar gjafir.



On-The-Go Essentials.  
7.990 kr.



Vinsæla Hydrating rakakremið,  
BIOEFFECT varasalvi og  
gjafapoki fylgir.  
12.990 kr.



Nýi andlitshreinsirinn og  
hár- og úlnliðsbönd fylgja.  
6.990 kr.



BIOEFFECT varasalvi.  
3.890 kr.




EGF Hand Serum.  
4.990 kr.



BIOEFFECT gjafapoki.  
790 kr.

# Margverðlaunaðar íslenskar húðvörur.

BIOEFFECT eru margverðlaunaðar íslenskar húðvörur sem byggja á íslensku hugviti, vísindum og virkni. Sérstaða vörulínunnar er virka innihaldsefnið, BIOEFFECT EGF, sem framleitt er með aðferðum plöntu-líftækni í góðurhúsi ORF Líftækni á Íslandi. Vörurnar eru framleiddar á Íslandi og því gegnir íslenska vatnið einnig lykilhlutverki í hreinleika varanna. BIOEFFECT húðvörurnar eru seldar um allan heim, í 21 landi og hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir gæði og virkni.



EGF Serum var á árinu valið í hóp 100 bestu húðvara allra tíma af hinu þekktu tímariti Women's Wear Daily (WWD - Beauty Inc) sem er útgefið í Bandaríkjunum. Tímaritið er eitt þekktasta tískurit heimsins og oft kallað „Biblía tískunnar“.

## Fagleg húðráðgjöf.

Kíktu til okkar í verslun BIOEFFECT Hafnartorgi. Hjá okkur starfar sérþjálfað starfsfólk með mikla þekkingu og reynslu í húðráðgjöf. Við leggjum áherslu á persónulega og framúrskarandi þjónustu. Þegar verslað er hjá okkur fylgir alltaf smá glaðningur.

Þú færð BIOEFFECT gjafakort í verslun okkar á Hafnartorgi.



## Komdu í húðmælingu.

Kynntu þér ástand húðar þinnar með nýrri og byltingarkenndri þjónustu í húðmælingu. Þú bókar tíma á [bioeffect.is](http://bioeffect.is).

